


Kópavogsbær
Birgir Hlynur Sigurðsson,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2011
Tilvísun: UST20110500060/ksj

Endurskoðun aðalskipulags Kópavogs, verkefnislýsing og tillaga að matslýsingu

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um verkefnislýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs og tillögu að matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda verkefnislýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs.


Umhverfismat , tillaga að matslýsingu

Í töflu 1 í matslýsingu er farið yfir tillögukosti og umfjöllun í umhverfisskýrslu. Þar kemur fram að varðandi Lækjarbotna og upplandið verða m.a. umhverfisáhrif atvinnuuppbyggingar skoðuð. Þar eru tilgreindir sem megin umhverfispættir: náttúrufar, hagrænir þættir og samfélag. Umhverfisstofnun bendir á að mögulega þurfi einnig að skoða áhrif á vatnsvernd á svæðinu, þó fjarsvæði og grannsvæði vatnsverndar séu í öðru sveitarfélagi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við verkefnalýsingu og tillögu að matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs.

Virðingarfyllt


Olafur A Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun